

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 16. ágúst 2017 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-87/2016.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 6. október 2016 bað X hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst skaðabóta.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 14. október 2016, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 24. október 2016. Hinn 16. nóvember 2016 voru álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og bent á heimild hans til að hafa uppi athugasemdir vegna andsvaranna. Hann nýtti sér þá heimild og bárust athugasemdir hans þann 30. nóvember 2016. Athugasemdir álitsbeiðanda voru sendar til seljanda þann 8. desember 2016 og honum bent á heimild til að hafa uppi frekari andsvör innan tveggja vikna. Hann nýtti sér þá heimild og bárust andsvör seljanda þann 14. desember 2016. Frekari athugasemdir bárust nefndinni ekki. Með bréfi, dags. 11. ágúst 2017, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000 þann 14. september 2016 af seljanda en kaupverðið var 2.050.000 krónur. Bifreiðin er af gerðinni Lexus RX400H, árgerð 2006 og hafði verið ekin 183.000 km. á kaupdegi. Tíu dögum eftir kaupin, þegar álitsbeiðandi hafði keyrt bifreiðina um 500 km., bilaði bifreiðin og hún varð óökufær þegar mótör í bremsum bifreiðarinnar gaf sig.

Álitsbeiðandi kveðst síðar hafa komist að því að seljandi hafi farið með bifreiðina til Toyota þann 29. ágúst 2016, aðeins 15 dögum fyrir kaupin, þar sem öll ljós hafi logað í mælaborðinu og bifreiðin var bremsulaus. Starfsmenn Toyota skoðuðu bifreiðina og fundu ekkert að henni, en bentu á að frekari skoðunar væri þörf á verkstæði.

Álitsbeiðandi krefst þess að seljanda verði gert að greiða viðgerðarkostnað vegna bilunarinnar, þar sem hún hafi verið til staðar við kaupin og seljandi hafi vitað af biluninni en ekki upplýst álitsbeiðanda um það við sölu. Áætlaður viðgerðarkostnaður er um 235.436 krónur samkvæmt fyrirbyggjandi tilboði frá bifvélaverkstæði.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur fram að bifreiðin hafi verið í hennar eigu frá miðju ári 2014. Sumarið 2015 biluðu bremsur bifreiðarinnar og fór seljandi með hana í viðgerð fyrir um 200.000 krónur. Í júlí 2016 fór að heyrast hljóð í vinstra framdekki, að seljandi hélt, en þá var um að ræða ónýtar lamir í vinstri hurð, sem var skipt um og hljóðið hætti. Í ágúst 2016 komu svo ljós í mælaborðið og fór seljandi með bifreiðina til Toyota til að láta skoða og laga það sem væri að, en ljósin hurfu þó á leiðinni til Toyota og komu svo aftur. Seljandi fékk svo

símtal seinna um daginn frá Toyota, þegar skoðun á bifreiðinni var lokið, þar sem seljanda var tjáð að ekkert fyndist að bifreiðinni og hún mætti sækja hana. Búið var að lesa af tölvu bifreiðarinnar og keyra hana langa hringi til að reyna að fá ljósin upp aftur, en það tókst ekki. Seljandi kvaðst hafa verið hissa á þessu og bauðst starfsmaður Toyota til að skoða bifreiðina aftur daginn eftir sem seljandi þáði.

Þann dag, 30. ágúst 2016, fannst ekki heldur nein bilun en seljandi spurði starfsmann hvað þetta gæti verið og hvort hún þurfi að hafa áhyggjur. Starfsmaður Toyota sagði henni að þetta gæti allt eins verið tilfallandi, enda séu bifreiðar nú til dags tölvur og oft þurfi að endurræsa tölvuna eins og með venjulegar tölvur. Ljósin komu ekki upp aftur eftir þetta og bifreiðin var í notkun meira og minna þar til sala fór fram. Seljandi telur því að ekkert hafi amað að bifreiðinni.

Þann 14. september 2016 var bifreiðin svo seld til álitsbeiðanda. Uppsett verð var 2.490.000 krónur en bifreiðin var seld á 2.050.000 krónur. Seljandi bendir á að álitsbeiðanda hafi verið bent á að fara með bifreiðina í ástandsskoðun af sölumanni Z, en hann hafi ekki orðið við því.

Seljandi hafnar að greiða fyrir viðgerð á bifreiðinni.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur fram að álitsbeiðandi hafi nú látið gera við bifreiðina svo hægt yrði að aka henni og var viðgerðarkostnaður að fjárhæð 195.247 krónur. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi endurgreiði honum þá fjárhæð þar sem bifreiðin hafi verið gölluð á kaupdegi og seljandi hafi haldið upplýsingum leyndum um ástand hennar. Bremsurnar biluðu aðeins tíu dögum eftir kaupin og voru því til staðar á kaupdegi. Bifreiðin hafði farið í skoðun þann 29. ágúst 2016 vegna bilana í bremsum og í bilanaskrá komi m.a. fram að bifreiðin hafi verið „bremsulaus með mörgum viðvörunarljósum í mælaborðinu.“ Þá kemur einnig fram að bifreiðin sé óökufær. Í skránni frá sama degi segir svo að bifreiðin virki eðlilega, engir kóðar séu á tölvu en skoða þurfi bifreiðina betur á verkstæði.

Álitsbeiðandi segist ekki hafa vitað á kaupdegi að bifreiðin hafi farið á verkstæði, hafi verið óökufær eða bremsulaus með viðvörunarljós í mælaborði nokkrum dögum áður en hann festi kaup á bifreiðinni. Álitsbeiðandi hafnar sjónarmiðum seljanda um að seljanda beri ekki að greiða viðgerðarkostnað þar sem bifreiðin hafi verið seld á lægra verði en uppsett var. Álitsbeiðandi hafi einfaldlega gert tilboð í bifreiðina sem seljandi samþykkti. Þá taldi álitsbeiðandi ekki ástæðu til að skoða bifreiðina þar sem hann hafði orð seljanda um að ekkert amaði að henni. Ef honum hefði verið tjáð um atvikið þann 29. ágúst hefði hann látið skoða bifreiðina, en samkvæmt upplýsingum sem álitsbeiðandi hefur aflað sjást slíkar bilanir ekki í ástandsskoðun. Seljanda bar því skylda til að upplýsa um það sem hann vissi eða mátti vita að væri til staðar.

VI

Frekari athugasemdir seljanda

Í frekari athugasemdum seljanda er tekið fram að engum upplýsingum hafi verið haldið leyndum. Saga bifreiðarinnar hafi fylgt henni og að auki hafi Toyota talið að ekkert amaði að bifreiðinni í ágúst. Þá sé því ranglega haldið fram af álitsbeiðanda að bifreiðin hafi verið biluð þegar hún fór til Toyota þar sem Toyota hafi ítrekað reynt að framkalla ljós í mælaborði en ekkert fannst. Seljandi bendir á þá skoðunarskyldu sem hvíldi á álitsbeiðanda og að hann hafi afsalað sér henni þrátt fyrir að honum var sérstaklega bent á að láta skoða bifreiðina. Þá sé rangt hjá álitsbeiðanda að seljandi telji verð bifreiðarinnar skipta máli og að álitsbeiðandi hafi haft orð seljanda fyrir því að bifreiðin hafi verið í lagi. Engin samskipti voru við álitsbeiðanda af hálfu seljanda heldur fóru viðskiptin fram í gegnum bílasöluna Z.

VII

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000 þann 14. september 2016 af seljanda fyrir 2.050.000 krónur. Bifreiðin er árgerð 2006 og var því rúmlega tíu ára og hafði verið ekin 183.000 km. á kaupdegi. Tíu dögum eftir kaupin bilaði bifreiðin þegar mótör í bremsum bifreiðarinnar gaf sig. Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 14. september 2016, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi er hvattur til að kynna sér verð á sambærilegum ökutækjum fyrir undirritun kaupsamnings!“

Kæruneftndin álitur að um kaupin gildi 16. og 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) en í 1. mgr. 17. gr. kemur fram að þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara teljist hann gallaður þegar:

„a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;

b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í b- og c- lið 16. gr. segir síðan að söluhlutur sé gallaður ef:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;
c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;“

Í 3. mgr. 16. gr. nkpl. kemur síðan fram að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Í framangreindum ákvæðum er annarsvegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og aðgæsluskyldu kaupanda, auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ekki sé hægt að líta svo á að bifreiðin svari ekki til upplýsinga sem seljandi hafi gefið um hana samkvæmt c-lið 16. gr. nkpl., enda liggur ekki fyrir hvaða upplýsingar voru veittar af hálfu seljanda við kaupin.

Ber kæruneftndinni næst að leggja mat á það hvort seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um bifreiðina sem hann hafi þekkt til eða hlaut að þekkja til og hvort bifreiðin hafi verið gölluð af þeim sökum, sbr. b-liður 16. gr. nkpl. Seljandi fór með bifreiðina í skoðun hjá Toyota, vegna bilunar í bremsum og viðvörunarljósa í mælaborði, þann 29. og 30. ágúst 2016, aðeins 14 dögum áður en álitsbeiðandi festi kaup á henni. Samkvæmt gögnum frá Toyota kom eftirfarandi fram í skoðuninni:

„Bíll er bremsulaus með mörgum viðvörunarljósum í mælaborðinu. Bremsa tekur mjög neðarlega. Allar bremsur teknar í gegn herna fyrir rúmu ári síðan. [...] Bíll er óökufær og mun eigandi skilja bíl hér eftir sem aukabíl. [...] Eigandi heyrði í okkur 5 mín fyrir lokun og hissa á niðurstöðunni. >Biður okkur um að prufa hann aftur á morgun. Bíll virkar eðlilega núna. Engan kóða að sjá á tölvu. Þarf að skoða betur á verkstæði.“

Staðfestir þetta frásögn seljanda um að Toyota hafi ekki fundið hvað orsakaði bilun í bremsum eða viðvörunarljós í mælaborði, en seljandi varð hissa á að ekki hafi verið hægt að staðfesta bilun. Það kemur einnig fram að bifreiðin þarfnist nánari skoðunar á verkstæði, sem virðist ekki hafa verið gert og álitsbeiðanda var ekki sagt frá því.

Í athugasemdum við ákvæði b-liðar 16. gr. í frumvarpi til nkpl. segir:

„Í raun felst í ákvæðinu skylda seljanda til að gefa upplýsingar um alla galla eða óheppilega eiginleika söluhlutar sem máli skipta [...]. Um er að ræða lágmarksreglu, sem ekki er unnt að víkja til hliðar með almennri tilvísun eins og þeirri að hlutur sé „seldur í því ástandi sem hann er.“ Nær upplýsingaskylda seljanda ekki aðeins til atvika sem hann þekkir heldur líka til atvika sem ekki er afsakanlegt að seljandinn viti ekki um. Láti seljandinn hjá líða að upplýsa um slík atvik eru afleiðingarnar eftir atvikum þær að söluhlutur telst gallaður.“

Seljandi hefur borið því við að álitsbeiðandi hafi vanrækt skoðunarskyldu sína við kaupin og því teljist bifreiðin ekki haldin galla. Í málinu vegast því á vægi upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda. Í kaupsamningi og afsali, dags. 14. september 2016, er sérstaklega tekið fram í ástandslýsingu seljanda að: „Kaupandi hefur ekki látið ástandsskoða sölubifreið hjá óháðum þriðja aðila.“ Fallist er á það með seljanda að álitsbeiðandi hafi ekki uppfyllt skoðunarskyldu sína að öllu leyti með því að hafa ekki látið óháðan aðila skoða bifreiðina áður en kaupin fóru fram líkt og æskilegt er, þó það sé ekki skylda. Á þetta sérstaklega við þegar um svo gamla bifreið er að ræða sem hefur verið keyrð langar vegalengdir. Ástandsskoðun hefði mögulega leitt í ljós raunverulegt ástand bifreiðarinnar þó ekki sé hægt að slá því föstu að gallinn hefði uppgötvast.

Það að bifreiðin hafi verið á verkstæði aðeins 14 dögum áður en hún var seld, þar sem bremsurnar hættu að virka, leiðir til þess að upplýsingaskylda seljanda var sérstaklega rík við sölu. Þrátt fyrir að Toyota hafi ekki staðfest bilun í bifreiðinni, og talið hana í lagi á þeim degi, var seljanda bent á að nánari greining yrði að fara fram á verkstæði. Kærunefndin álitur að seljanda hafi borið að upplýsa álitsbeiðanda um þau atvik sem áttu sér stað þann 29. og 30. ágúst 2016, aðeins 14 dögum fyrir kaupin, þegar bremsur biluðu skyndilega og viðvörunarljós kviknuðu í mælaborði, þrátt fyrir að það hafi svo gengið til baka. Hefði álitsbeiðandi þá haft svigrúm til að gera lægra verðtilboð í bifreiðina eða jafnvel hætta við að gera tilboð í bifreiðina.

Einnig verður að líta til þess hvort bifreiðin hafi verið í verra ástandi en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti og því haldin galla á þeim grundvelli, sbr. a-liður 17. gr. nkpl. Kaupverð bifreiðarinnar virðist hafa verið í samræmi við söluverð sambærilegra bifreiða en eðlilegt er þó að kaupverð hækki eða lækki miðað við meðferð bifreiðarinnar og margvísleg atriði geta haft áhrif þar á, þar á meðal fyrirsjáanlegur viðgerðarkostnaður til lækkunar.

Um rúmlega 10 ára gamla bifreið er að ræða sem ekin hafði verið 183.000 km. á kaupdegi. Ekki er unnt að ætlast til þess að bifreiðar sem hafa náð þeim aldri og verið keyrðar slíkar vegalengdir muni ekki þarfnast tiltekins viðhalds eða viðgerða, enda fylgir margvíslegur kostnaður með akstri og notkun bifreiða. Hins vegar liggur fyrir að bifreiðin bilaði aðeins tíu dögum eftir kaupin sem ætla verður að álitsbeiðandi hafi ekki mátt búast við.

Það er því ljóst að afar skammur tími leið frá því að kaup fóru fram og þar til umræddir gallar komu í ljós. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. nkpl. er galli, sem kemur upp innan sex mánaða frá því tímamarki er áhætta fluttist til neytanda, talin hafa verið til staðar við áhættuskiptatímamarkið ef annað er ekki sannað. Samkvæmt ákvæðinu hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að bifreiðin hafi ekki verið haldinn galla á seljanda fyrstu 6 mánuði eftir kaupin en að þeim tíma liðnum færast sönnunarbyrðin yfir til neytanda. Telur kærunefndin að gögn málsins sýni fram á að galli hafi verið til staðar á bifreiðinni er álitsbeiðandi festi kaup á henni og hefur seljandi ekki náð að sýna fram á annað. Álítur nefndin samkvæmt öllu framangreindu að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin þann 14. september 2016 á grundvelli b-liðar 16. gr. og a- og b-liðar 17. gr. nkpl.

Í 26. gr. nkpl. segir að ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða geti hann, samkvæmt ákvæðum 29. – 33. gr. nkpl. krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt 28. gr.

Álitsbeiðandi krefst skaðabóta og álítur nefndin að seljanda beri að greiða skaðabætur vegna gallans sem til staðar var á kaupdegi. Við ákvörðun bótafjárhæðar verður hins vegar að líta til þess að álitsbeiðandi uppfyllti ekki rannsóknarskyldu sína að fullu þrátt fyrir að sérstakt tilefni hefði verið til þess að skoða bifreiðina sérlega vel. Útlagður kostnaður álitsbeiðanda við viðgerðina nam 195.247 krónum og álítur nefndin hæfilegt að álitsbeiðandi skuli bera 1/5 tjóns síns sjálfur. Seljanda ber samkvæmt því að greiða álitsbeiðanda 156.198 krónur í skaðabætur, sbr. 33. gr. nkpl.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunefndin óstarfhæf sökum þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

VIII Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, 156.198 krónur í skaðabætur.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson